

Sumarið er tíminn!

Sumarstarf fyrir börn og ungmenni í Hafnarfirði sumarið 2024

Í Hafnarfirði er boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir börn og ungmenni yfir sumartímann. Á vefnum **tomstund.is** er hægt að skoða fjölbreytt námskeið og sumarfrístund á vegum Hafnarfjarðarbæjar og annarra félaga og samtaka í Hafnarfirði.

Sumarnámskeið

Fjölbreytt námskeið og sumartómstund standa börnum og ungmennum á aldrinum 6-13 ára til boða í Hafnarfirði sumarið 2024. Fagleg þjónusta með uppeldisgildi frítímastarfs að leiðarljósi. Mikil áhersla er lögð á sköpun, samveru, útiveru, hreyfingu og leiki. Þátttökugjaldi er stillt í hóf og skráning fer fram í gegnum Völu.

Dæmi um námskeið:

- Sumarfrístund fyrir 7-9 ára við alla grunnskóla
- SumarKletturinn fyrir börn í 9-13 ára með sértæka stuðningsþörf
- Sumarfrístund fyrir útskriftarhópa leikskólanna
- Tómstund fyrir 10-13 ára
- Sumarnámskeið í Hafnarborg fyrir 6-12 ára
- Sumarlestur og skapandi námskeið á Bókasafni Hafnarfjarðar

hfj.is/sumarnamskeid

Gleðilegt sumar

Nánar á:
hafnarfjordur.is



Fjölskyldugarðar

Fjölskyldugarðar eru frábært tækifæri fyrir öll áhugasöm til að rækta sitt eigið grænmeti og hugsa um í sumar. Fjölskyldugarðarnir verða opnir á Víðistöðum og á Öldugötu. Grænmeti eða annað efni til ræktunar er ekki innifalið. Garðarnir afhentast plægðir og hefst úthlutun undir lok maí.

hfj.is/fjolskyldugardar

Vinnuskóli Hafnarfjarðar

Opið er fyrir umsóknir 14-17 ára ungmenna. Vinnuskólinn sinnir fyrst og fremst umhverfismálum og á þannig stóran þátt í því að hreinsa bæinn og hirða gróður, götur og göngustíga yfir sumartímann. Starfstímabil er frá 10. júní - 25. júlí.

hfj.is/vinnuskolinn

Frístundastyrkir

Hafnirsk börn og ungmenni, sem nýta ekki frístundastyrk í hefðbundin æfingargjöld í júní, júlí og ágúst, geta nýtt mánaðarlega styrkupp hæð í sumarnámskeið. Námskeiðin þurfa samtals að vera átta daga eða lengur á mánuði. Tímalengd námskeiðs þarf að koma fram á reikningi.

hfj.is/fristundastyrkir



Hafnarfjörður